

Inga Hersteinsdóttir lauk B.Sc.-prófi í byggingarverkfræði frá Háskólanum í Dundee í Skotlandi 1971 og M.Sc. prófi frá sama skóla 1976. Inga var fyrst kvenna til að ljúka prófi frá byggingarverkfræðideild skólans. Hún bjó um tíma í Genf og New York en starfaði nokkur sumur hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen sf., nú Verkís. Inga var fyrst kvenna til að starfa sem verkfræðingur hjá fyrirtækinu.

Þar sérhæfði hún sig í brunavörnum bygginga og vann eftir það hjá Eldvarnaeftirliti Reykjavíkur, nú FSHS og síðar hjá VSÓ ráðgjöf frá 1995 og loks VSI/LOTU. Sérsvið Ingu eru brunahönnun bygginga, brunaráðgjöf og brunatæknilegar úttektir ásamt eigin eftirlitskerfi brunavarna. Hún hefur tekið þátt í brunahönnun margra smærri og stærri bygginga.

Inga hefur gegnt margvíslegum félags- og trúnaðarstörfum. Hún sat í stjórn Brunamálastofnunar, tók þátt í að stofna og var um tíma formaður Brunatæknifélagsins. Á sama tíma var hún varaformaður tækninefndar Institution of Fire Engineers í Bretlandi. Inga sat í rannsóknanefnd umferðarslysa, fasteignamatsnefnd ríkisins og fleiri matsnefndum. Hún var átta ár í bæjarstjórn Seltjarnarness og þar með í ýmsum nefndum á vegum bæjarins.

Inga er merkur brautryðjandi í sögu kvenna innan verkfræðinnar hér á landi. Hún hefur reynst Verkfræðingafélaginu traustur og ráðagóður liðsmaður, hún sat í stjórn Verkfræðingahúss ses, nú hússtjórn VFÍ.